

## Ályktun 42. þings BSRB um lífeyrismál

Lífeyriskerfi Íslendinga hefur lengi þótt standa á sterkum grunni en kerfið byggir á þremur stöðum: Opinberu almannatryggingakerfi, atvinnutengdum lífeyrissjóðum með skylduaðild og fullri sjóðsöfnun og frjálsum lífeyrissparnaði. Styrkur íslenska kerfisins felst að stórum hluta í sjóðsöfnun en með því er átt við að eignir eru lagðar fyrir jafnóðum og réttinda er aflað til greiðslu lífeyris síðar. Á þann hátt hefur launafólk byggt upp sjóði sem hafa ávaxtast frá því greiðslur hófust og ætlað er að koma á móts við tekjumissi þegar aldurinn færir yfir.

Í kjölfar efnahagshrunsins og falls íslensku bankanna var ljóst að lífeyrissjóðir myndu tapa verulegu fé enda urðu hlutabréf þeirra í bönkunum verðlaus auk þess sem færa þurfti niður mikið af skuldabréfum bankanna. Þá hefur fall krónunnar og mikil verðbólga haft mjög slæm áhrif á fyrirtæki landsins og þar með fjárfestingar lífeyrissjóðanna. Er talið að raunávöxtun sjóðanna á milli árána 2007 og 2008 hafi verið neikvæð um 21,8%.

Þrátt fyrir verulegt fjárhagslegt tap sjóðanna á milli þessara ára ber að líta til þess að launafólk sem leggur fé sitt í lífeyrissjóði er að fjárfesta til lengri tíma eða allt frá því það kemur inn á vinnumarkað og þar til það hverfur af vinnumarkaði vegna aldurs. Ef litið er til meðal raunávöxtunar til lengri tíma hefur hún verið jákvæð um 2,5% síðastliðin 5 ár og um 3,0% ef litið er til síðustu 10 ára. Það er því ljóst að þrátt fyrir tap sjóðanna á milli árána 2007 og 2008 standa lífeyrissjóðir landsmanna almennt vel.

Í kjölfar efnahagshrunsins og slæmrar stöðu heimila er nú til skoðunar að lífeyrissjóðir komi að stærri nýframkvæmdum á afmörkuðum sviðum innan almannajónustunnar ásamt ríki og sveitarfélögum. Þá eru uppi hugmyndir um að stofnaður verði sérstakur fjárfestingasjóður Íslands með þátttöku lífeyrissjóða til að hraða uppbyggingu efnahagslífsins og bæta stöðu fyrirtækja og heimila. Verkefni af þessum toga geta haft mjög jákvæð áhrif á efnahags- og atvinnulífið en ljóst er að ef af verður er eðlileg krafa að hagar sjóðfélaga sé ávallt hafður í fyrirrúmi enda er meginmarkmið sjóðanna að tryggja lífeyri sjóðfélaga sinna. Forsenda þess að lífeyrissjóðir komi að uppbyggingu einstakra verkefna er að gagnsæi og sátt ríki um þau og að það fjármagn sem sett verði í þau skili sér að fullu til baka með raunhæfri ávöxtun.

42. þing BSRB leggur til eftirfarandi áherslur:

- BSRB áréttar að lífeyrissjóðir eru til að tryggja lífeyri sjóðfélaga.
- BSRB styður þær hugmyndir að lífeyrissjóðir taki þátt í eflingu atvinnulífs með þátttöku í stærri framkvæmdum í almannajónustu - en þá með bakábyrgð ríkisins þannig að ávöxtun sé tryggð.
- Ef kemur til stofnunar sérstaks fjárfestingarsjóðs Íslands er það skilyrðislaus krafa að gagnsæi og sátt ríki um þau verkefni sem sjóðurinn fjárfestir í og að það fjármagn sem sett verði í þau skili sér að fullu til baka með raunhæfri ávöxtun.
- Haft verði að leiðarljósi að jafnræðis verði gætt í karla- og kvennastörfum þegar til ákvörðunar á fjárfestingarverkefnum kemur.